

## Samanburður á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, hinum Norðurlöndunum og Evrópusambandinu

DAGENS NYHETER.

SVENSK POU TIK

### Fakta i frågan: Har Sverige tappat ledartröjan i klimatfrågan?

Uppdaterad 2025-12-18 Publicerad 2025-12-12



Foto: Beatrice Lundborg, Håkan Sandberg/TT Grafik: Johan Andersson

Í greininni [Fakta i frågan: Har Sverige tappat ledartröjan i klimatfrågan?](#) eða [Hefur Svíþjóð glatað forystuhlutverki sínu í loftslagsmálum?](#), sem birtist í *Dagens Nyheter* þann 12.12.2025 (uppfærð 18.12.2025) er m.a. birtur samanburður á losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Norðurlöndunum og í ESB. Ísland var ekki haft með í þeim samanburði. Hér er bætt úr því, auk þess sem tölum um losun árið 2024 var bætt við, en þær tölur voru birtar á vefsíðu loftslagssamningsins í síðustu viku.

Losun gróðurhúsalofttegunda er gefin upp sem heildarlosun á hvern íbúa, án losunar vegna landnotkunar (innifalin er sem sagt losun vegna bruna jarðefnaeldsneytis, jarðvarmavirkjana, iðnaðar og efnanotkunar, landbúnaðar og meðhöndlunar úrgangs). Heildarlosun Íslands er sýnd á fyrsta grafinu og til samanburðar er losun Íslands svo einnig sýnd sem punktalína á gröfunum fyrir hin Norðurlöndin og ESB-löndin. Losun á hvern íbúa er hæst á Íslandi en lægst í Svíþjóð. Losun á hvern íbúa á Íslandi var 12,0 tonn árið 2023 en jókst til ársins 2024 þegar hún var 12,4 tonn. Í Svíþjóð var losunin 4,2 tonn á hvern íbúa árið 2023 en jókst í 4,5 tonn árið 2024.







Í grein Dagens Nyheter er einnig sýnt framleiðsluspor Norðurlandanna, þó hvorki fyrir Noreg né Ísland. Eftir því sem næst verður komist eru slíkar upplýsingar ekki aðgengilegar frá ári til árs fyrir Ísland.

Þá er í grein Dagens Nyheter sýnd þróun losunar frá iðnaði, landbúnaði og samgöngum innanlands í Svíþjóð annars vegar og ESB hins vegar. Notaður er sami mælikvarði og fyrr, þ.e. losun á hvern íbúa frá þessum geirum. Í þessu minnisblaði er losun á hvern íbúa vegna samgangna innanlands (vegasamgöngur, lestarsamgöngur, innanlandsflug og siglingar) borin saman við losun hinna Norðurlandanna og ESB. Eins og í gröfunum sem bera saman heildarlosun er á gröfunum sem sýna losun vegna samgangna fyrst sýnd losun Íslands og svo er losun Íslands einnig sýnd sem punktalína á gröfunum fyrir hin Norðurlöndin og ESB-löndin.

Heimildir:

- <https://data.worldbank.org/indicator/SP.POP.TOTL>
- <https://unfccc.int/ghg-inventories-annex-i-parties/2026>
- <https://www.eea.europa.eu/en/analysis/maps-and-charts/greenhouse-gases-viewer-data-viewers>

## Samanburður á þróun í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum og í ESB



## Samanburður á losun vegna samgangna innanlands á Norðurlöndunum og í ESB

